

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur samþykkt eftirfarandi:

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis sunnan Glerár.

Skipulagsráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 30. janúar 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Oddeyrarbryggju.

Breytingin felur í sér að lóð fyrir þjónustuhús er stækkuð til austurs um 110 m², byggingarreitur stækkar og umferðar- og þjónustusvæði er minnkað.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Melgerðisáss og Skarðshlíðar.

Skipulagsráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. janúar 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Skarðshlíð.

Breytingin felur í sér að fjölbýlishúsalóð við Skarðshlíð 20b minnkar úr 6.229 m² í 6.129 m² svo hægt verði að gera breytingar á götunni í framtíðinni.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, A áfanga, fyrir Goðanes 12.

Skipulagsráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. janúar 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Goðanes 12.

Breytingin felur í sér að byggingarreitur minnkar úr 7.400 m² í 2.736 m², heimilt verður að byggja eitt hús og er nýtingarhlutfall, mesta vegghæð og þakhalli óbreytt. Innkeyrslum á lóðina fækkar úr fjórum í tvær en innkeyrslur eru ekki sýndar á uppdrætti.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Bjarkarstígs 4.

Skipulagsráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 16. janúar 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Bjarkarstíg 4.

Breytingin felur í sér stækkun á þakbyggingu vegna viðhalds og verður stækkunin allt að 15,4 m² að grunnfleti og þakhæð hækki um allt að 50 sm.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hagahverfis – skipulagsákvæði.

Skipulagsráð Akureyrarkaupstaðar hefur þann 31. október 2018 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir skipulagsákvæði Hagahverfis.

Markmið með breytingunni er annars vegar að stuðla að betra jafnvægi í stærðum og herbergja-fjölda íbúða í fjölbýlishúsum og hins vegar að bæta almenn gæði íbúða og íbúðarumhverfis með hagsmuni íbúa að leiðarljósi.

Breytingar verða einungis gerðar á skilmálum deiliskipulagsins. Engin breyting er gerð á skipulagsuppdrætti.

Nr. 207

13. febrúar 2019

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 13. febrúar 2019,

Margrét M. Róbertsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2019